

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 42/2008**

**frá 25. apríl 2008**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2008 frá 1. febrúar 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 646/2007 frá 12. júní 2007 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003, að því er varðar markmið Bandalagsins sem sett eru til að draga úr algengi *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í holdakjúklingum, og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1091/2005 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/407/EB frá 12. júní 2007 um samhæfða vöktun á þoli salmonellu gegn sýklalyfjum í alifuglum og svínum <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/411/EB frá 14. júní 2007 um bann við því að setja á markað afurðir úr nautgripum, fæddum eða öldum í Breska konungsríkinu fyrir 1. ágúst 1996, í hvaða tilgangi sem er, og um undanþágu fyrir þessi dýr að því er varðar tilteknar varnar- og útrýmingarráðstafanir, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001, og um niðurfellingu ákvörðunar 2005/598/EB <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB frá 29. júní 2007 um að ákvarða stöðu aðildarríkja, þriðju landa eða tiltekinna svæða innan þeirra með tilliti til kúariðu út frá áhættu á sjúkdómnum <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/570/EB frá 20. ágúst 2007 um breytingu á ákvörðun 2003/634/EB um samþykkt áætlana um að ná stöðu viðurkenndra svæða og viðurkenndra eldisstöðva á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til veirublæðis og iðradreps í fiski <sup>(6)</sup>.
- 7) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 646/2007 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1091/2005 <sup>(7)</sup>, en hún hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 151, 13.6.2007, bls. 21.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 153, 14.6.2007, bls. 26.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 155, 15.6.2007, bls. 74.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 217, 22.8.2007, bls. 36.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 182, 13.7.2005, bls. 3.

- 8) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2007/411/EB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/598/EB <sup>(8)</sup>, en hún hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 9) Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007 voru gerðir, sem um getur í I. kafla I. viðauka, látnar taka til Íslands að frátöldum ákvæðum um lifandi dýr, önnur en fisk og eldisdýr, og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísa og sæði.
- 10) Gerðir, sem um getur í I. kafla I. viðauka, skulu taka til Íslands nema þess sé getið í tengslum við tiltekna gerð að hún skuli ekki taka til Íslands. Af þessum sökum verður að geta þess í tengslum við ýmsar gerðir, sem felldar hafa verið inn í samninginn, að þær taki ekki til Íslands.
- 11) Ákvörðun þessi tekur til Íslands með aðlögunarfrestinum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsróðanna í I. kafla I. viðauka á þeim sviðum sem vörðuðu ekki Ísland áður en kaflinn var endurskoðaður samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007.
- 12) Ákvörðun þessi varðar ekki Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 55. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/634/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUM EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 4.2:
 

„– **32007 D 0570**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/570/EB frá 20. ágúst 2007 (Stjtið. ESB L 217, 22.8.2007, bls. 36).“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 46. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/182/EB) í hluta 7.2:
 

„47. **32007 R 0646**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 646/2007 frá 12. júní 2007 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003, að því er varðar markmið Bandalagsins sem sett eru til að draga úr algengi *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í holdakjúklingum, og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1091/2005 (Stjtið. ESB L 151, 13.6.2007, bls. 21).

48. **32007 D 0407**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/407/EB frá 12. júní 2007 um samhæfða vöktun á þoli salmonellu gegn sýklalyfjum í alifuglum og svínunum (Stjtið. ESB L 153, 14.6.2007, bls. 26).

49. **32007 D 0453**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB frá 29. júní 2007 um að ákvarða stöðu aðildarríkja, þriðju landa eða tiltekinna svæða innan þeirra með tilliti til kúariðu út frá áhættu á sjúkdómnum (Stjtið. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84).“

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 204, 5.8.2005, bls. 22.

3. Texti 26. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1091/2005) í hluta 7.2 falli brott.
4. Eftirfarandi komi í stað texta 41. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/598/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 7.2:  
 „**32007 D 0411**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/411/EB frá 14. júní 2007 um bann við því að setja á markað afurðir úr nautgripum, fæddum eða öldum í Breska konungsríkinu fyrir 1. ágúst 1996, í hvaða tilgangi sem er, og um undanþágu fyrir þessi dýr að því er varðar tilteknar varnar- og útrýmingarráðstafanir, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001, og um niðurfellingu ákvörðunar 2005/598/EB (Stjtið. ESB L 155, 15.6.2007, bls. 74).“
5. Málslíðurinn „Þessi gerð tekur ekki til Íslands.“ bætist við í 133. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB) í hluta 1.2.
6. Málslíðurinn „Þessi gerð tekur ekki til Íslands.“ bætist við í 35. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/123/EB), 36. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/800/EB), 37. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/802/EB), 38. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/18/EB), 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/19/EB) og 40. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/24/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2.
7. Málslíðurinn „Þessi gerð tekur ekki til Íslands.“ bætist við í 58. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/17/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 4.2.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 646/2007 og ákvarðana 2007/407/EB, 2007/411/EB, 2007/453/EB og 2007/570/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Alan Seatter*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

formaður.